

Fylgiskjal 6

**Veiðifélag Skagafjarðar**  
**5. desember. 2000.**

**Helga Aðalgeirsdóttir**  
**Vegagerðin**  
**Miðhúsavegi 1**  
**600 Akureyri.**

Veiðifélag Skagafjarðar gerir eftirfarandi athugasemdir við matsáætlun vegna hringveggar í Norðurárdal í Skagafirði.

Við efnistöku vegna vegagerðar í Norðurárdal verður að leyttast við að valda sem minnstu raski á uppeldis og veiðistöðum og áhrif framkvæmdanna verði sem minnst þegar til lengri tíma er litið.

Veiðifélagið leggur áherslu á að Vegagerðin bæti allan þann skaða sem mögulegt er með mótvægisáðgerðum. Þær geta falist í að vernda búsvæði fiska og vatnadýra, bæta þau sem fyrir eru og skapa ný í stað þeirra sem raskað verður.

Vill Veiðifélagið í því sambandi benda á að gætt verði að hvar og hvernig mül er tekin, hvernig staðið er að bakkavörnum, vali og frágangi á ræsum og að árkvísar fái sem mest að halda sér og einnig að við hugsanlega brúargerð verði forðast að setja árnar um of í einn ferveg.

Veiðifélagið telur að sá skaði sem ekki verður hægt að bæta með mótvægisáðgerðum verði bættur með fébótum.

Veiðifélagið fer fram á að fiskifræðingur fylgist með hönnun og verklegum framkvæmdum við fyrrgreinda framkvæmd á hringveginum í Norðurárdal í Skagafirði.

Virðingafyllst.

F.h. Sjömann

Láttu Sjömann